

Nd.

124. Frumvarp til laga

[102. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Í stað orðanna „minnst 6.5 millj. kr.“ í síðari málsgrein 27. gr. laganna komi „minnst 7.15 milljónir kr.“

2. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrsta málslið 39. gr. laganna komi „15 ha“.

3. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrstu málsgrein 47. gr. laganna komi „15 ha“.

4. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í 50. gr. laganna komi „15 ha“.

5. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1963—1970, að háðum árum meðtöldum, er heimilt að veita jörðum, er hafa véltæk tún undir 15 ha óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari tünstærð sé náð. Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Framræslukostnaður og framlag til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

6. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 7.6 milljónir króna árlega á árunum 1963—1970, að háðum árum meðtöldum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þá er lögin um landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru sett 1946, var gert ráð fyrir því, að fjárhagsstuðningur væri veittur til nýbýla frá Landnámi ríkisins á fyrstu 5 hektara, sem nýbyggjandi ræktaði á býli sínu, og að í byggðahverfum væri hverjum nýbyggjanda skilað af Landnámi ríkisins 5 hekturum fullræktuðum.

Þá er lögin voru endurskoðuð 1957, voru viðhorf orðin breytt, framkvæmdakostnaður við stofnun býla hafði aukizt mjög, svo að ljóst var, að það þurfti stærra bú til að tryggja lífsafkomu frumbýlinga en verið hafði fyrir 10 árum, og voru þá

auknar kröfur gerðar, þannig að hverju býli skyldi fylgja minnst 25 hektarar af ræktunarhæfu landi auk beitilands, og jafnframt var hækkað markið fyrir framlags-skyldri ræktun upp í 10 hektara.

Samhliða þessu ákvæði var í lögunum frá 1957 ákveðið, að þær byggðar jarðir, sem minna tún hefðu en 10 hektara, fengju tímabundna aðstoð til að ná þessum áfanga, en þá voru yfir 3000 jarðir í landinu með véltæk tún undir 10 hektara að stærð.

Við þessa ráðstöfun hefur það áunnizt, að um 1000 jarðir, sem voru með tún innan við 10 hektara, hafa náð þessari og meiri túnstærð fyrir árslok 1961, og 1387 jarðir, sem áður voru með túnstærð undir 5 hekturum, eru þá með túnstærð frá 5,1 hektara til 9.99 hektara. 438 jarðir eru með 2.5 til 5.0 hektara túnstærð. Þessum jörðum hefur þokað hægt í átt til aukinnar ræktunar, en reynslan sýnir að eftir því sem túnin stækka og búin samhliða aukast, vex getan til stærri ræktunaráttaka árlega. Loks eru 198 jarðir með minni tún en 2.5 hektara, og eru það yfirleitt persónulegar ástæður, sem því valda. Þarf ekki að gera ráð fyrir aukinni ræktun á þeim jörðum að óbreyttri ábúð.

Það er ljóst, að með framangreindum ráðstöfunum ríkisins hefur náðst mikill árangur í aukinni ræktun og auknum bústofni og jafnframt verið fyrirbyggt, að jarðir fari í eyði sökum skorts á afstöðu til fóðuröflunar. Eftirfarandi skýrsla um breytingar bústærða sýnir glögg, hverju þessar ráðstafanir hafa þokað áleiðis í þessu efni.

#### Skipting byggðra lögbýlisjarða eftir bústærðum 1955—1962 (kúgildum).

Ár	0.0— 5.0	5.1— 7.5	7.6— 10.0	10.1— 12.5	12.6— 15.0	15.1— 20.0	Yfir 20.0	Tala jarða
1955—1956 .....	500	545	795	798	720	925	846	5129
1957—1958 .....	446	499	680	788	674	1035	1046	5168
1958—1959 .....	433	442	651	747	690	1040	1075	5078
1959—1960 .....	439	397	618	687	717	1111	1190	5159
1960—1961 .....	486	385	574	579	683	1128	1426	5261

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að framlag til frumbýlinga á nýbýlum verði greitt á fyrstu 15 hektarana, sem ræktaðir eru á býlunum, í stað 10 áður og að býlum í byggðahverfum verði afhentir 15 hektarar af véltæku túni, er ábúendur taka við býlunum.

Gert er ráð fyrir hækkun á framlagi samkvæmt 27. grein um 650 þúsund krónur, til að standa straum af þessari auknu ræktun.

Þá er gert ráð fyrir, að þeim byggðum lögbýlisjörðum, er nú hafa tún undir 15 hekturum, verði veitt tilsvarendi framlag og verið hefur, þar til túnstærð hefur náð þessu marki.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, nemur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins framlagsskyld túnaukning 17654 hekturum á 2023 jörðum til að ná 15 hektara takmarkinu og áætlað er að á jörðum með 10 til 15 hektara tún verði framlags-skyld ræktun 3500—4000 hektarar. Heildarræktunarpörfin nemur því allt að 21654 hekturum.

Árlega má því gera ráð fyrir, að framlag þurfi að veita á 2700 hektara. Nemur því fjárpörfin til þessarar ræktunar árlega 6 750 000 krónum. Samkvæmt ákvæðum 63. greinar er svo fyrir mælt, að framlög skuli veitt til íbúðarhúsabygginga á lögbýlis-jörðum á sama hátt og nýbýlastofnendum eru veitt. Þessi styrkur hefur verið greiddur af því fé, er 64. grein gerir ráð fyrir, og er því framlag samkvæmt 64. grein ákveðið 7.6 milljónir króna.

Meðalbústofn byggðra lögbýlisjarða hefur aukizt hin síðustu ár, en tæknibúinn landbúnaður krefst stærri búseininga. Meðaláhöfn á jörð, miðuð við tölu byggðra

lögbylissjarða, en þá er ekki tekið tillit til fleirbyliss eða félagsbúrekstrar á jörðum, sem sameiginlega eru metnar í fasteignamati, er þessi:

Ár	Tala jarða	Meðaláhöfn, kúgildi
1955—1956 .....	5175	13.8
1957—1958 .....	5168	14.9
1958—1959 .....	5078	15.0
1959—1960 .....	5159	15.2
1960—1961 .....	5261	16.0

Þegar þess er gætt, að á þessum jörðum eru búin rekin af nær 6400 fjölskyldum, ætti að vera ljós nauðsyn þess, að búin stækki. Aukin ræktun og þar með stóraukin og bætt fóðurframleiðsla er grundvöllur þess, að svo geti orðið.

Með þetta fyrir augum er frumvarp þetta borið fram.

Um einstakar greinar frumvarpsins skulu eftirfarandi athugasemdir gerðar:

#### Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að framlag samkvæmt 27. gr. hækki um 650 þúsund krónur á ári. Það er byggt á því, að framlagsskyld ræktun sé aukin úr 10 hekturum á hvert nýbýli á einstaklingsbýlum, þar sem ræktun er framkvæmd með aðstoð ræktunarsambanda. Jafnframt verði þeim býlum, sem reist eru í byggðahverfum, afhent 15 hektara ræktað tún í stað 10 áður.

Fjárhæðin er áætluð með tilliti til þess, að framlag á hvern hektara sé hið sama og verið hefur á árunum 1961 og 1962. Fyrstu 5 hektararnir, sem ræktaðir eru á býlinu, eru styrktir með 6 000 krónum. Síðari 5 hektararnir, sem ræktaðir eru, eru styrktir með 3 000 krónum á hektara. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að 10 hektarar verði styrktir með 3 000 krónum á hektara. Það þýðir 15 000 króna útgjaldaaukningu fyrir Landnám ríkisins á hvert fullræktað býli. Hækkunarfjárhæðin myndi tryggja möguleika til fullnaðargreiðslu á aukinni ræktun á rúmlega 40 býlum.

#### Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að í byggðahverfum verði ræktaðir 15 hektarar fyrir hvert býli í stað 10 áður. Ekki er í frumvarpinu áætluð hækkun framlags úr ríkissjóði vegna þessarar framkvæmdaaukingar sérstaklega.

#### Um 3. gr.

Greinin tekur til nýbýla utan byggðahverfa og er skýrð með athugasemd um 1. grein frumvarpsins.

#### Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar taka til þess, að ekki skuli heimilt við skiptingu jarða, sem nýbýli eru stofnuð frá, að jörðin láti af hendi ræktað land, ef tún hennar, þegar skipting fer fram, er undir 15 hekturum.

#### Um 5. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að jarðir, sem í árslok 1961 hafa túnstærð undir 15 hekturum, fái sama fjárframlag á hektara og verið hefur þar til 15 hektara túnstærð er náð.

Þessi viðbótarframlög nema 2 500 krónum á hektara. Til þessa hefur árleg fjárveiting verið 6 milljónir krónur, en eftir gildistöku laga nr. 49 frá 11 júní 1960 hafa af fjárhæð þessari verið greidd byggingarframlög til íbúðarhúsa á jörðum, sem hafa óíbúðarhæfan húsakost.

Þessi framlög námu á árinu 1961 yfir 1.8 milljón krónum og má vænta þess, að á næstu árum verði byggingarþörfin eigi minni en verið hefur tvö síðustu árin. Með hliðsjón af þessum tveimur útgjaldaliðum, eins og þeir hafa verið á undanförunum árum, er aukin fjárþörf áætluð 1.6 milljónir krónur, eða framlagið alls 7 600 000 krónur árlega. Til ræktunar 6 750 000 krónur og 850 000 krónur til íbúðarhúsa á jörðum með ónothæfar íbúðir, og er þá gert ráð fyrir því, að nokkuð dragi úr umsóknum frá því, sem nú er, sem telja má eðlilegt með hliðsjón af varanleik þeirra bygginga, sem byggðar hafa verið síðustu þrjá áratugi.